Nr. 3.
4.
febr.

# Lög

um

aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu hjeraði, rita alla holdsveika í hjeraðinu í bók, er til þess sje gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði.

Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari eptir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.

2. grein.

Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess hjeraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

3. grein.

Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í hjeruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sje út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eptir því sem þeim er unnt.

4. grein.

Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hjer segir:

1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.
2) Holdsveikir menn skulu hafa sjer hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 3.
4de
Febr.

om

## spedalskes Affondring og Indlæggelse paa offentligt Hospital.

**Vi Christian den Niende,** **af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Distriktslægerne og Ekstralægerne have, hver i sit Distrikt, at indføre alle spedalske i Distriktet i en dertil efter en af Landfysikus i Samraad med Spedalskhedslægen foreskreven Form indrettet Protokol. Udgifterne ved Protokollernes Anskaffelse udredes af Landskassen.

En Gang hvert Aar tilstiller Lægen Landfysikus en efter dennes nærmere Forskrift affattet Udskrift af Protokollen.

§ 2.

Naar en spedalsk flytter fra et Lægedistrikt til et andet, har Lægen i det første Distrikt at anmelde Flytningen for Lægen i det andet Distrikt.

§ 3.

Lægerne bør hver i sit Distrikt have nøje Tilsyn med de derværende spedalskes Levevis. De have at meddele de syge og de med dem samlevende Personer de fornødne Forskrifter med Hensyn til, hvad der saa vel af de syge som af de sunde er at iagttage for at undgaa Sygdommens Overførelse til de sidstnævnte, samt at have Indseende med, at disse Forskrifter blive overholdte. Repstyrerne og Sundhedskommissionerne ere pligtige til i saa Henseende at bistaa Lægen efter Evne.

§ 4.

De spedalske have altid at iagttage følgende Bestemmelser:

1) Spedalske maa ikke dele Seng med andre, Ægtefæller dog herfra undtagne, medmindre vedkommende Læge foreskriver andet.
2) Enhver spedalsk skal have en Spyttebakke for sig selv, og det er ham forbudt at spytte paa Gulvet.

Nr. 3. 4. febr.

3) þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hverskonar, er þeir einir noti.
4) Rúmföt, íverufFöt, matarílát og hverskonar borðbúnað holdsveikra skal þvo útaf fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.
5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.
6) þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi viðkoma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

5. grein.

Nú hefur holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi út af fyrir sig, og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyrr en það hefur hreinsað verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þessh† áttar, er holdsveikur maðar hefur notað.

6. grein.

þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið slíka tilkynningu, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eptir hann finnast, sjeu tafarlaust hreinsaðir eptir þörfum.

7. grein.

Holdsveika menn, er njóta sveitarstyrks, skal setja á holdsveikisspítala, þá er hjeraðslæknir telur nauðsyn á því. Sjeu þeir eigi þar settir, skal þeim komið fyrir á þann hátt, að sem fyllst trygging sje fyrir því, að farið verði eptir fyrirmælum 4. gr.

Ef þess er kostur, skal þessu komið svo fyrir, að hjón sjeu ekki skilin þeim að nauðugu. Hafi ráðstafanir læknis slíkan aðskilnað í för með sjer, eru þær því aðeins lögmætar, að þær sjeu staðfestar af amtmanni.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

8. grein.

Amtmaður getur í einstökum tilfellum, eptir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir holdsveikir menn verði fluttir á holdsveikisspítala. þetta má þó því aðeins gjöra, að annaðhvort hafi hinn holdsveiki eigi fylgt sem vera bar fyrirmælum 4. gr. eða varúðarreglum þeim, er læknirinn eptir síðasta lið sömu greinar hafði lagt fyrir hann, eða læknir álíti, að sjúkdómurinn sje svo hættulegur og svo miklar líkur til að hann muni breiðast út, að nauðsyn beri til að flytja sjúklinginn á holdsveikisspítala.

þess skal einnig í þessum tilfellum gætt, að hjón sjeu eigi skilin þeim að nauðugu, ef hjá því verður komizt.

3) Han skal have særlige for ham bestemte Madbeholdere, Spiseredskaber og Bordservice af enhver Art, som kun han maa benytte.
4) Spedalskes Seng- og Gangklæder, Madbeholdere, Spiseredskaber og Bordservice skulle renses og vaskes for sig. Deres Saarbandager skulle efter Afbenyttelsen opbrændes eller desinficeres ved Kogning i Vand i mindst ½ Time.
5) Det er spedalske forbudt at passe Børn, opvarte ikke-spedalske samt at lave Mad for andre.
6) Det er spedalske forbudt uden Nødvendighed at besøge andre Gaarde saa vel som at modtage Besøg af andre.

Yderligere Forsigtighedsregler, som Lægen efter Omstændighederne maatte finde nødvendige og gennemførlige, er den spedalske ligeledes pligtig at holde sig efterrettelig.

§ 5.

Beboelsesrum, som en spedalsk har havt for sig selv, maa ikke benyttes af andre, forinden de paa en af Lægen foreskreven Maade ere desinficerede. Det samme gælder om Gangklæder, Sengklæder og deslige, som en spedalsk har benyttet.

§ 6.

Naar en spedalsk dør eller flytter til et andet Sted, er Husfaderen i den spedalskes hidtidige Hjem pligtig til straks at melde det for vedkommende Repstyrer eller Politimester, der derefter inden 14 Dage giver vedkommende Læge Meddelelse derom. Denne har derefter uden Ophold at drage Omsorg for, at den spedalskes Opholdsrum, Gangklæder og Sengklæder saa vel som andre Brugsgenstande, som han efterlader paa Stedet, straks behørig desinficeres.

§ 7.

Spedalske, som modtage Hjælp af Fattigvæsenet, ville, naar Distriktslægen finder det nødvendigt, være at indlægge paa Hospitalet for spedalske. Finder saadan Indlæggelse ikke Sted, ville de paagældende være at anbringe saaledes, at der saavidt muligt haves Sikkerhed for en Efterlevelse af de i § 4 indeholdte Forskrifter.

Anbringelsen af saadanne spedalske bør, naar Omstændighederne tillade det, ske saaledes, at Ægtefolk ikke mod deres Vilje adskilles. Medfører den af Lægen tagne Bestemmelse saadan Adskillelse, er den kun gyldig, naar den godkendes af Amtmanden.

Børn af spedalske Forældre, der modtage Hjælp af Fattigvæsenet, skulle altid anbringes til Opfostring i andre Hjem.

Uden Lægens Samtykke maa Kommunalbestyrelsen ikke anbringe Fattiglemmer i Hjem, hvor der i Forvejen forefindes spedalske.

§ 8.

Indlæggelse af andre spedalske paa Spedalskhedshospitalet kan Amtmanden undtagelsesvis paabyde efter Indstilling af vedkommende Kommunalbestyrelse og Læge. Dette kan kun ske, naar enten de i § 4 givne Forskrifter eller de i Henhold til samme Paragrafs sidste Stykke af Lægen foreskrevne yderligere Forsigtighedsregler ikke tilbørlig efterkommes, eller naar Lægen skønner, at Sygdommen og Smittefaren er af en saa alvorlig Karakter, at Indlæggelse er nødvendig.

Ogsaa i de her omhandlede Tilfælde vil det være at paase, at Ægtefolk ikke mod deres Vilje adskilles uden tvingende Nødvendighed.

Nr. 3.
4. febr.

9. grein.

Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

10. grein.

Kostnað allan við veru holdsveikra á holdsveikisspítala skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra holdsveikra manna, sem fluttir eru á spítala samkvæmt 8. gr. Flutning holdsveikra á spítala samkvæmt 7. gr. skal greiða úr hlutaðeigandi sveitar-eða bæjarsjóði.

Nú hefur sjúklingur án leyfis forstöðamannanna farið af spítalanum, og skal hann þá sjálfur greiða kostnað þann, er af því leiðir að flytja hann þangað aptur, sje hann svo efnum búinn.

11. grein.

Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eptir 6. gr. skal greiða úr landssjóði.

12. grein.

Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

13. grein.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eptir að það hefur auglýst verið í B-deild stjórnartíðindanna, að spítali fyrir holdsveika sje fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. febrúar 1898.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

**(L. S.)**

*Rump.*

§ 9.

Nr. 3. 4de Febr.

Indbringelse efter nærværende Lov til Hospitalet for spedalske udføres i fornødent Fald af Politiet.

§ 10.

Alle Udgifter ved de spedalskes Ophold paa Spedalskhedshospitalet, saavel som ved Indsendelse til Hospitalet af dem, som indlægges i Henhold til § 8, udredes af Landskassen. Indsendelse til Hospitalet af spedalske i Henhold til § 7 bekostes af vedkommende Kommunes Kasse.

Omkostningerne ved fornyet Indsendelse af en Patient, som har forladt Hospitalet uden Bestyrelsens Tilladelse, bestrides af ham selv, for saa vidt han dertil har Midler.

§ 11.

For de Rejser, Lægerne i Anledning af denne Lovs Bestemmelser maa foretage, tilkommer der dem Betaling som for Rejser og Forretninger i offentlig Tjeneste.

Alle Udgifter og Omkostninger ved Desinfektioner i Henhold til § 6 udredes af Landskassen.

§ 12.

Overtrædelser af de i § 5 indeholdte Forskrifter saa vel som af den ved § 6 fastsatte Anmeldelsespligt straffes med Bøder af indtil 200 Kr.

Sager i Anledning af saadanne Overtrædelser behandles som offentlige Politisager.

§ 13.

Denne Lov træder i Kraft 3 Maaneder efter den Dag, da offentlig Bekendtgørelse om, at Hospitalet for spedalske er eller fra et nærmere angivet Tidspunkt vil være færdigt til at tages i Brug, har været indrykket i Regeringstidenden Afdeling B.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 4de Februar 1898.**

---

**Ministeriet for Island, den 4de Februar 1898.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*